


Veflistaverk Ásgerðar

Sýning á veflistaverkum Ásgerðar Búadóttur verður opnuð í Gallerí Fold við Rauðarárstíg í dag. „Á sýningunni er m.a. síðasta veggklæðið sem Ásgerður gerði. Þetta er abstrakt-verk byggt á línunum og formum ofið úr ull og hrosshárum en auk verksins eru sýndar skissur og vinnuteikningar af verkinu sem gefur einstaka sýn á vinnuferli listamannsins,“ segir m.a. í tilkynningu.

Ásgerður fæddist í Borgarnesi 4. desember 1920. Hún stundaði framhaldsnám við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn árin 1946-49.

„Ásgerður var án efa markverðasti veflistamaður þjóðarinnar á 20.



Verk Ofið úr ull og hrosshári.

öld. Alls urðu einkasýningar Ásgerðar 15 talsins og hún tók þátt í um 70 samsýningum hér á landi sem erlendis,“ segir m.a. í tilkynningu. Ásgerður lést árið 2014. Sýningin stendur til 12. apríl.



Vára úr Kópavogi Sigurpáll Viggo Snorrason, Guðjón Sveinsson, Bjarni Daníel Þorvaldsson, Bjarni Þorleifsson og Dagur Reykdal Halldórsson.



Deffice úr Kópavogi Patrekur Einar Sæmundsen, Sigursteinn Pálsson Enos, Halldór Pétur Gunnarsson, Greipur Garðarsson og Snorri Haraldur Hjálmarsson.

Músíktílaunir 2015

● Hljómsveitakeppnin Músíktílaunir hefst í Norðurljósasal Hörpu á sunnudag

Hljómsveitakeppnin Músíktílaunir hefst í Hörpu á sunnudagskvöld, en þetta er í 33. sinn sem keppnin er haldin. 39 hljómsveitir taka þátt í keppninni að þessu sinni, tíu sveitir keppa sunudagskvöld frá kl. 19.30 og síðan verður keppninni haldið áfram á sama tíma næstkomandi mánudags-, þriðjudags- og miðvikudagskvöld, en úrslitin verða laugardaginn 28. mars kl. 17.

Í undanúrslitum velur salur eina hljómsveit en dómnefnd aðra. Dómnefndin er skipuð undirrituðum, Árna Matthíassyni, og þeim Agli Tómassyni, Ásu Dýradóttur, Gunnari Gunnarssyni, Hildi Guðnýju Þórhallsdóttur, Kristjáni Kristjánssyni og Ragnheiði Eiríksdóttur.

Tílaunirnar voru fyrst haldnar 1982 og í gegnum tíðina hafa helstu verðlaun verið hljóðverstímar.

Fyrstu verðlaun í tílauninum að þessu sinni eru tuttugu hljóðverstímar í hljóðverinu Sundlauginni með hljóðmanni, en einnig fær sigursveitin 50.000 kr. peningagjöf frá Senu, gjafabréf frá Icelandair í Evrópuferð til að spila á vegum Stage Europe Network sem Hitt Húsið er aðili að, að spila á Iceland Airwaves og að koma fram á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður 2015, flug og gisting innifalið, tuttugu þúsund króna úttekt frá 12 Tónum og styrk úr Minningarsjóði Péturs Kristjánssonar.

Sú hljómsveit sem lendir í öðru sæti fær líka hljóðverstíma, tuttugu tíma í Stúdíó Paradís ásamt hljóðmanni, fær að spila á Iceland Airwaves og fimmtán þúsund króna úttekt frá 12 Tónum.

Verðlaun fyrir þriðja sæti eru tuttugu hljóðverstímar í Aldingarðinum ásamt hljóðmanni og tíu þúsund króna úttekt frá 12 Tónum.

Hljómsveit fólksins fær upp-tökutæki frá Tónastöðinni, tuttugu þúsund króna úttekt frá Smekkleysu, plötubúð og að spila í beinni í Popplandi á Rás 2.

Tónastöðin verðlaunar svo gítarleikara, bassaleikara, hljómborðsleikara og trommuleikara Músíktílauna 2015 með þrjátíu þúsund



Tramps úr Reykjavík Kristinn Godfrey Guðnason, Fannar Pálsson, Kristján Pétur Jónsson, Katrín Björg Hjálmarsdóttir og Alex Pétur Ólafsson.



Epik úr Reykjavík Hljómsveitina skipa þau Friðgeir Óli Bjarnason, Aron Can Gultekin og Bríet Ísis Elfar.



Par-ðar af Suðurnesjum Arnar Ingólfsson, Kristjón Freyr Hjaltested, Viktor Atli Gunnarsson, Eyþór Eyjólfsson og Sævar Helgi Jóhannsson.

króna úttekt í versluninni. Rafheili Músíktílauna fær líka þrjátíu þúsund króna úttekt frá Tónastöðinni og mix og masteringu frá Möller Records.

Söngvari Músíktílauna fær SHURE Beta 58 hljóðnema frá Hljóðfærahúsinu.

Forlagið veitir bókagjöf sem viðurkenningu fyrir textagerð á íslensku og árs áskrift að snara.is.

Auk þeirra hljómsveita sem getið

er hér til hlíðar koma fram Elgar úr Reykjavík; Ívar Hannes Pétursson, Eiður Tjörvi Pálsson, Dagur Leó Pálsson og Danival Heide Sævarsson, Distort City úr Mosfellsbæ og víðar; Samúel Asgeirsson, Axel Markús Ólafsson, Ögmundur Kárasen og Hreggviður Emil Eðvarðsson og Áhrýf úr Kópavogi; Þorgeir Björnsson, Huginn Goði Kolbeinson og Sindri Franz Pálsson. arnim@mbl.is



Yolo af Akranesi Kristján Alexander Kristjánsson og Halldór Logi Sigurðarson.



Gummi Hebb úr Reykjavík Eða bara Guðmundur Herbertsson.

Söfn • Setur • Sýningar



LISTASAFN ÍSLANDS

Frikirkjuvegi 7, 101 Reykjavík, sími 515 9600, www listasafn.is
Opíð daglega kl. 11-17, lokað mánudaga.

KONUR STÍGA FRAM - SVIPMYNDIR 30 KVENNA Í ÍSLENSKRI MYNDLIST
13.2.-10.5.2015

SUNNUDAGSLEIÐSÖGN KL. 14 í fylgd Rakelar Pétursdóttur safnafræðings
A KASSEN CARNEGIE ART AWARD 2014 13.2. - 10.5. 2015

SAFNBÚÐ - Listrænar gjafavörur • **KAFFISTOFA** - Ljúffengar veitingar.
IN THE CRACK OF THE LAND - Una Lorenzen

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR Laugamestanga 70, sími 553 2906, www.iso.is
LISTAMAÐUR Á SÖGUSLÓÐUM

Johannes Larsen á ferð um Ísland 1927 og 1930. 31.1-22.3.2015.

SUNNUDAGSDAGSKRÁ KL. 15: KVIKMYND um Íslandsferðir Johannesar Larsen & Dönsk og íslensk sönglög í flutningi Kristjönu Arngímsdóttur og Kristjáns Eldjárns Hjartarsonar. **SÍÐASTA SÝNINGARHELGI!**

Opíð laugardaga og sunnudag kl. 14-17. Kaffistofan opin á sama tíma.

SAFN ÁSGRÍMS JÓNSSONAR Bergstaðastræti 74, sími 561 9616, www listasafn.is
Í BIRTU DAGANNA Málverk og teikningar Ásgríms Jónssonar, 1.2.-15.9. 2015
Opíð sunnudaga kl. 14-17.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Þjóð verður til – Menning og samfélag í 1200 ár

Á veglausu hafi í Bogasal

Hvar, hver, hvað? í Myndasal

Húsin í bænum á Veggnum

Íslenskir gullsmíðir - ný verk og skartgripahönnun á frímerkjum

Fjölbreyttir ratleikir fyrir alla fjölskylduna

Safnbúð og kaffihús

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41, s. 530 2200,
www.thodminjasafn.is • www.facebook.com/thjodminjasafn

Opíð frá 11-17 alla daga nema mánudaga.



Hafnarborg

Largo - presto

Tumi Magnússon

Síðasta sýningarhelgi

Opíð 12-17,
fimmtudaga 12-21,
lokað þriðjudaga

www.hafnarborg.is,

sími 585 5790

Aðgangur ókeypis



HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART

Ný sýning
AMUNDI:



un peu plus

Teikningar og skissur
Helgu Björnsson tiskuhönnuðar

Opíð kl. 12-17. Lokað mánud.
Garðatorg 1, Garðabær
www.honnunarsafn.is



Listasafn Reykjanesbæjar

- Til sjávar og sveita, Gunnlaugur Scheving
- Sjálfsgöðir hlutir, hönnunarsaga.
- 15/15 – Konur og myndlist, úr safneigninni.

24. janúar – 26. apríl

Byggðasafn Reykjanesbæjar

Bátasafn Gríms Karlssonar

Listasafn Erlings Jónssonar

Opíð virka daga 12-17, helgar 13-17.

Aðgangur ókeypis

reykjanesbaer.is/listasafn

Verið
velkomin